



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

13. október 2011
41. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Virkjað til framtíðar

„Ef Hvalárvirkjun verður ekki tengd landsnetinu verður ríkið að laga orkumálin á Vestfjörðum einhvernvegin öðruvísi. Það vill ekkert fyrirtæki byggja upp þar sem raforkuöryggi er tryggt með díselvélum,“ segir Gunnar Gaukur Magnússon. Fyrirtæki hans VesturVerk gerði nýlega samstarfssamning við fjármála-fyrirtækið GAMMA um fjármögnun undirbúningsvinnu vegna Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði á Ströndum. Á miðopnu í dag segir Gunnar Gaukur frá virkjunaráformunum og deilir framtíðarsýn sinni á Vestfirði.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

HG semur við Landsbankann

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., í Hnífsdal hefur komist að samkomulagi við Landsbankann um 1,5 milljarða króna skuld fyrir tækisins við bankann vegna láns sem dótturfyrirtæki þess, Skollaborg ehf., fékk hjá bankanum í maí 2007 til kaupa á hlutabréfum. HG skrifaði upp á sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu sem nam rúmum 10 milljónum evra eða sem nemur 1,5 milljarði á núvirði. Skollaborg ehf., notaði lánið að

mestu til kaupa á hlutabréfum í Landsbankanum og Straumi-Burðarás. Við hrun bankanna árið 2008 tapaðist hlutaféð og skuldin færðist yfir til Nýja Landsbankans sem krafði HG um greiðslu á láninu. Það féllst fyrir tækið ekki á og stefndi bankanum.

Málið fór fyrir dóm en var fyrir á árinu vísað frá bæði héraðsdómi og Hæstarétti vegna formgalla. Í dómi Hæstaréttar kom fram að hann taldi að ekkert væri því til

fyrirstöðu að krafist væri ógildingar eða riftunar á samkomulagi um einstaka láns hluta en ekki samninginn í heild. Hins vegar skorti verulega á að í stefnu væri gerð nægileg grein fyrir því hver væri grundvöllur kröfu um ógildingar eða riftun. Samkvæmt samkomulagi HG hf. og Landsbankans hefur lánið verið fært niður en vegna bankaleyndar fæst ekki uppgefið hve stór hluti þess var afskrifaður. — *asta@bb.is*



Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal.

Velheppnuð landsæfing

Um 300 björgunarsveitarmenn tóku þátt í landsæfingu Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldin var á Ísafirði í laugardag. Auk þeirra komu um 200 manns að þessari stærstu æfingu félagsins á árinu. „Gestirnir voru hátt í 300 en svo voru um og yfir 200 manns sem voru starfsmenn æfingarinnar, svo sem sjúklingar, póstastjórar, þeir sem sáu um nesti og akstur og þannig lagað,“ segir Jóhann Ólafson hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar. Björgunarsveitunum var skipt í fjörutú hópa sem fengust við um 60 verkefni af ýmsum toga, svo sem rústabjörgun, fyrstu hjálp, leit, aðkomu að hópslysum, og verkefni fyrir bíla, fjórhjól og leitarhunda.

Veður var æfingavænt eins og björgunarsveitarmenn orðuðu það, þ.e. rigning, vindur og þoka. Aðspurður hvort æfingin hafi gengi snurðulaust fyrir sig segir Jóhann. „Miðað við svona stóra aðgerð held ég að menn geti verið glimrandi ánægðir með þetta. Ég er að minnsta kosti svo montinn af mínu liði að ég á eftir að lifa á því a.m.k. út næstu viku.“ Æfingin fór fram um alla norðanverða Vestfirði. „Við vorum alveg frá



Björgunarsveitirnar tókust á við alls kyns verkefni.

fjöru og upp í fjöll. Við vorum í Álftafjarðarbotni, Dýrafirði, Bolungarvík, Súgandafirði, á Ísafirði og Flateyri,“ segir Jóhann. Að æfingu lokinni um klukkan 17 var þátttakendum boðið í sund, bæði á Ísafirði og í Bolungarvík og síðan grill í boði Landsbjargar í félagsheimilinu í Bolungarvík.

Björgunarsveitarmenn á svæðinu hafa undirbúið æfinguna frá áramótum. Jóhann segir þá hafa lært mikið, bæði af undirbúningnum og æfingunni sjálfri. „Allir þátttakendur og skipuleggjendur æfingarinnar hafa lært mikið. Bæði heimamenn og björgunarsveitarmenn af öllu landinu. Enda höfðu menn á orði

að flest, ef ekki öll, verkefni hafi verið alvöru verkefni, en ekki eitthvað auðvelt sem menn tóku á nokkrum mínútum. Þetta reyndi verulega á.“

„Við viljum þakka öllum fyrir, bæði þeim sem komu að æfingunni og eins íbúum á svæðinu fyrir tillitsemi,“ segir Jóhann.

— *thelma@bb.is*

Makríllinn skilaði innspýtingu

Makríl- og síldveiðar skipa Hraðfrystihússins Gunnvarar í sumar skiluðu 175 milljóna króna innspýtingu í samfélagið í formi launa og tengdra gjalda. Sveitarfélögin fengu sína sneið af kökunni í gegnum skatttekjur og gjöld, að því er segir á vefsíðu fyrir tækisins.

Heildar makríl- og síldveiði skipanna þriggja nam 2.273 lestum og má áætla að verðmæti aflans hafi verið meira en 400 milljónir króna. Júlíus Geirmundsson veiddi meginþorra þessa afla og án þessara veiða hefði orðið að stöðva útgerð skipsins í fyrsta skipti vegna skorts á aflaheimildum. Júlíus er nú í „andlitslyftingu“ í slipp eftir góða törn.

Nánast allur afli Páls Pálsónar og Stefns HG til vinnslu í fiskverkun HG í Íshúsfélagshúsinu. Þessi vinnsla skapaði starfsfólki svo og skólafólki umtalsverða vinnu, en vel á fimmta hundrað tonn af makríl og síld voru unnin á vöktum í húsinu.

— *thelma@bb.is*

Rækjustofninn lítur betur út í Djúpinu

Ástand rækjustofnsins í Ísafjarðardjúpi er mun betra en undanfarin ár. Hafrannsóknaskipið Dröfn hefur að undanförunni verið við rannsóknir í Ísafjarðardjúpi og í Arnarfirði. Hjalti Karlsson, útíbússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Vestfjörðum, vildi lítið tjá sig um stöðu rækjustofnsins í

Djúpinu að svo stöðu en sagði þó að óhætt væri að segja að hann liti betur út en undanfarin ár. Rækjuveiðar hafa ekki verið leyfðar í Ísafjarðardjúpi undanfarin sjö ár. Vonir stöðu til þess að rækjustofninn myndi halda velli með veiðibanni þrátt fyrir fjölda afþrengja, en talið er að

mikil fiskgengd hafi leitt til hruns rækjustofnsins í Ísafjarðardjúpi.

Rækjustofninn mældist lítill árið 2009 og hafði minnkað mikið frá árinu 2007 þegar hann virtist vera á uppleið. Í fyrra sýndu niðurstöður að litlar breytingar höfðu orðið á stærð stofnsins í Ísafjarðardjúpi. Rúm þrjú ár eru

liðin síðan rækjuveiðar voru leyfðar að nýju í Arnarfirði eftir nokkurra ára veiðibann.

Í fyrra var stofnvísitala rækju í Arnarfirði í meðallagi á grunnslóð og var aðeins hærri en árið 2009, en rannsóknir árið 2005 sýndu að rækjustofninn var í algeru lágmarki í Arnarfirði. Í

rannsóknarleiddangrinum núna tók áhöfn Drafnar, 22 tog í Arnarfirði og um 50 tog í Ísafjarðardjúpi. Niðurstaða ætti að liggja fyrir í þessari viku, en það er sjávarútvegsráðuneytið sem tekur endanlega ákvörðun um veiðileyfi.

— *asta@bb.is*

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 13. - 16. október

samkaupurval.is

30% afsláttur

~~2.398~~

1.679 kr/kg

Svínalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

30% afsláttur

~~1.598~~

1.119 kr/kg

Svínahnakki
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

~~1.795~~

45% afsláttur

Svínakótelettur / hryggur

996 kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Perur

~~298~~

149 kr/kg

50% afsláttur

Ekta fiskur

frystur forsteiktur

1kg 999 kr/pk

Góð kaup!

~~359~~

298 kr/pk

Hvítlauksbrauð
frá Coop, 2 stk, 350g

Jarðarber 500g **279** kr/pk

Hindber 300g **298** kr/pk

fryst fersk frá Coop

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

MÍ gert að skera niður um 3,7%

Gert er ráð fyrir 3,7% niðurskurði í fjárframlögum til Menntaskólans á Ísafirði í fjárlögum næsta árs. Samkvæmt fjárlögum nemur framlag til skólans á næsta ári 251,8 milljónum króna á móti 261,6 milljónum í ár. Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari MÍ segist hafa búið við niðurskurði þó svo að hann hefði vonast til að skólanum yrði hlíft í ár þar sem mikið þurfti að skera niður á síðasta ári. „Ef þetta verður niðurstaðan verður óhjákvæmilegt

að fækka starfsfólki og nemendum. Það er hins vegar of snemmt að segja eitthvað um þetta núna. Það á eftir að ræða málið í skólasamningi sem verður gerður í nóvember og þá verður farið yfir fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstöðu þessa árs og fjárhagsáætlun næsta árs. Einnig á skólanefnd eftir að funda,“ segir Jón Reynir.

Heildarfjárveiting til málaflokksins hækkar um 1.988,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru talðar almennar verð-

lagsbreytingar en þær nema alls 1.380,2 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins um 369,4 m.kr á verðlagi fjárlaga 2011 til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Samdrátturinn jafngildir 2% lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, sem er sama aðhaldskrafa og í öðrum málaflökum ráðuneytisins.

Framhaldskólarnir fá greitt í samræmi við nemendafjölda. Í

fjárlögum fyrir 2012 er áætlaður nemendafjöldi Menntaskólans á Ísafirði 290 nemendur. Áætlað hlutfall bóknáms er um 87,7% nemenda og fær því skólinn 251,8 m.kr fjárveitingu. Verulegur munur er á kostnaði við verk-nám og bóklegt nám og fá skólar-nir meira greitt með nemendum í verknámi. Að sögn Jóns Reynis er aftur á móti meiri hagræðing fólgin í því að skera niður í verknáminu, en það hefur hins vegar verið keppiefli skólans að auka

það nám.

Jón Reynir segir að mikill viðsnúningur hafi orðið í rekstri skólans á síðustu tveimur árum. „Mikill tekjuafgangur var eftir árið 2010 en það er verið að ganga á hann í öllum þessum niðurskurði. Við höldum auðvitað áfram að hagræða, en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

– asta@bb.is

Bæjarrónarnir heilsuðu upp á gesti

Þátttakendur á ferðamálaþingi sem fór fram á Ísafirði í síðustu viku, fengu að upplifa Ísafjörð eins og bærinn var á árunum 1890-1933.

Halldóra Björnsdóttir leikona og leikstjóri og Sigurður Pétursson sagnfræðingur, voru fengin til að útbúa lítil leikatriði, sem sýndi bæjarlífið á þessum árum. Farið var með þátttakendurna á þinginu í gönguferð um bæinn og hófst ferðin á gamla sjúkrahúsinu þar sem búið var að útbúa skurðstofu frá árinu 1925 þar sem læknir og hjúkrunarkonur voru í aðgerð. Í Faktors-húsinu í Hæstakaupstað tóku konur í þjóðbúningum á móti hópnum en þar gat einnig að líta þá Jón Laxdal og Hannes Hafstein á spjalli. Fyrir fram-an verslun ÁTVR á Ísafirði hitti hópurinn bæjarrónana en þar var einmitt svokallað

fyllibyttuhorn á sínum tíma. Í Edinborgarhúsinu tók Þjóðbúningafélagið og lúðrasveit Tónlistarskólans á móti hópnum auk þess sem hópurinn leit inn á æfingu hjá Litla leikklúbbnum á leikritinu Dampskipinu sem frumsýnt verður 21. október. Að lokum var haldið í Neðstakaupstað þar sem Ásgeir Ásgeirsson, bauð upp á hákarl.

Gönguferðin heppnaðist vel þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta. Að sögn Halldóru Björnsdóttur tóku bæjarbúar vel í að taka þátt í sýningunni, en stór hópur fólks kom að þeim. Má þar m.a. nefna leikara hjá LL, nemendur úr Menntaskólanum á Ísafirði, félagi úr Morranum, lúðrasveit Tónlistarskólans og félagi í Þjóðbúningafélaginu.
– asta@bb.is



Gauti Geirsson og Magnús Traustason léku bæjarrónana.

Alþjóðadegi kennara fagnað á Ísafirði

Alþjóðadagur kennara var haldinn hátíðlegur á Ísafirði í síðustu viku sem og um allan heim. Kennarar og gestir komu saman í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Þar las Herdís Hubner kennari upp úr barnabók og Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Vestfjörðum og fyrrum kennari, sagði frá námi barna í Afríku og hversu mikilvægt það er að efla námið, sér í lagi lestrarkennsluna. Þá söng barna- og stúlnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar fyrir gesti.

5. október er, að forgöngu, UNESCO, sérstaklega helgaður kennurum og þennan dag nota þeir samtakamátt sinn til að tryggja að hugað sé að þörfum barna fyrir menntun í nútíð og framtíð. Vel var mætt á samkomuna á Ísafirði og var þar rætt mikilvægi þess að hafa árvissa dagskrá á þessum degi í framtíðinni.

– thelma@bb.is



Barna- og stúlnakór TÍ söng fyrir gesti.



189
KR. 2 LTR.

PEPSI & PEPSI MAX
2 LTR



1498
KR. 900G

EUROSHOPPER • 900 GRÖMM Í POKA

FROSNAKUR KYCKLINGABRINGUR



129
KR. 1 LTR.

79
KR. 1/2 LTR.



OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR. KG
VERÐ ÁÐUR
1298 KR. KG



159
KR. 385G

MYLLU HEIMILISBRAUÐ



SPAGHETTI 1 KG
249 KR.



998
KR. KG

FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI



598
KR. KG

FERSKUR GRÍSAÞÓGUR



898
KR. KG

FERSKT BLANDAÐ HAKK
40% NAUT • 40% LAMB • 20% GRÍS



MEIRA KJÖT
MINNA BEIN

1395
KR. KG

SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI



298
KR. 300 ML

OPERA BLEIK HANDSÁPA



1195
KR. KG

FERSKT NAUTAVEISLU
100% NAUTAHAKK



1395
KR. KG

JURTAÐ GRILL LAMBALÆRI



598
KR. PKI

NAUTAVEISLU FJÓRIR FERSKIR
100% NAUTABORGARAR
MEÐ BRAUÐI

Þrjár bíl- veltur um helgina

Þrjár bílveltur urðu á norðanverðum Vestfjörðum um síðustu helgi. Sú fyrsta átti sér stað í Dagverðardal í Skutulsfirði á laugardag. Þar missti ökumaður stjórn á jeppabifreið með þeim afleiðingum bílnum hvolfdi. Um var að ræða björgunarsveitarbíl, en mikið var um björgunarsveitarfólk á norðanverðum Vestfjörðum um helgina vegna landsæfingar björgunarsveita. Að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum voru fjórir í bílnum en þá sakaði ekki.

Önnur bílvelta átti sér stað á sunnudagsmorgun á Hnífsdalsvegi. Talið er að krapí á veginum hafi verið orsakavaldur. Bíllinn endaði á þakinu og er talinn nokkuð skemmdur en ökumaðurinn slapp ómeiddur. Þriðja bílveltan varð við Eyri í Seyðisfirði á sunnudagskvöld. Ökumaður missti þar stjórn á bifreið sinni með afleiðingum að hún lenti utan vegar og valt. Fjórir ungir piltar voru í bifreiðinni og að sögn lögreglu sluppu þeir allir með minniháttar meiðsl en bíllinn er talinn gjörónýtur, að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum. — *asta@bb.is*



Beituverksmiðjunni í Súðavík lokað

Beituverksmiðjunni í Súðavík hefur verið lokað. Búið er að taka vinnslubúnað verksmiðjunnar niður og verður hann settur upp í nýju húsnæði í Grindavík. Verksmiðjan framleiðir pokabeitu sem þykir henta vel til ýsuveiða. Fjögur störf töpuðust í Súðavík þegar verksmiðjan lokaði en þegar best gekk hjá fyrirtækinu störfuðu fjórtán manns hjá því.

Nokkrar ástæður munu liggja að baki flutningnum m.a. að Utgerðarfyrirtækið Vísir hf., í Grindavík, á meirihluta í fyrirtækinu og er með mest alla starfsemi sína í Grindavík. Sveinbjörn Jónsson, framleiðslustjóri verksmiðjunnar, segir að full þörf sé að þróa framleiðsluna en til þess að það sé hægt, sé betra að útgerðin og verksmiðjan séu nálægt hvorri annarri. Sveinbjörn segir einnig að flutningskostnaður hafi

gert staðsetningu verksmiðjunnar í Súðavík mjög óhagkvæma og skertu ýsukvóti hafi haft sitt að segja.

Eftir að kvótinn var skertur gekk rekstur verksmiðjunnar ekki nema á hálfárs grundvelli. Meiri vinna var því lögð í þróunarvinnu með það að mark-

miði að ná fram svipuðum árangri með aðrar fisktegundir. Sveinbjörn segir að fyrirtækið hafi ekki fengið þann stuðning til þróunarvinnu sem óskað var eftir fyrir vestan. Sótt hafi verið um tvo styrki á síðasta ári án árangurs. Hann segir að aðstaða fyrirtækisins verði mun betri í

Grindavík og nefnir í því sambandi að við hliðina á nýju húsi sem verið sé að byggja yfir verksmiðjuna, verði frystiklefi sem skiptir miklu máli fyrir reksturinn. „Það er verið að skapa kjör- aðstæður til að reka þessa verksmiðju og stuðla að áframhaldandi þróun beitunnar.“

Flutningskostnaðurinn óréttlátur

„Beituverksmiðjan er nýlegasta dæmið um það óréttlæti sem við hér á Vestfjörðum búum við hvað varðar flutningskostnað. Þetta varðar sérstaklega fyrirtæki sem búa við það að þurfa að flytja hráefni til sín og flytja svo vöruna fullbúna frá sér. Þar stöndum við ekki á jafnréttis grundvelli gagnvart

öðrum landshlutum,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, um lokun Beituverksmiðjunnar á staðnum, en hún framleiðir pokabeitu sem hefur hentað hefur vel og þá sérstaklega við ýsuveiðar.

Verksmiðjan var tekin niður fyrir stuttu og flutt til Grindavíkur þar sem hún verður sett upp að

nýju. Fjögur störf töpuðust þegar verksmiðjunni var lokað í Súðavík, en þegar mest var störfuðu 14 manns hjá fyrirtækinu. Þó að störfin séu ekki mörg segir Ómar Már að þetta sé mikil blóðtaka fyrir lítið samfélag eins og Súðavík þar sem aðeins búa tæplega 200 manns. — *asta@bb.is*

Spurningin

Ætlar þú í haust-ferð til útlanda?

Alls svöruðu 500.

Já sögðu 124 eða 25%
Nei sögðu 344 eða 69%
Óvíst sögðu 32 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðan sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir sunnan- og vestanlands en þurr að kalla norðan- og austanlands. Heldur kólnandi.

Horfur á laugardag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir sunnan- og vestanlands en þurr að kalla norðan- og austanlands. Heldur kólnandi.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir NA-átt með ofankomu fyrir norðan. Áfram kalt.

Ritstjórnargrein

Hvert stefnum við?

„Það er röng pólitík hjá stjórnvöldum, vinnuveitendum og verkafólki að telja fólki trú um að betri tíð sé á næsta leiti. Svo er ekki. Það tekur lengri tíma en þrjú ár að vinna upp afleiðingar hrunsins,“ segir Styrmir Gunnarsson, um leið og hann segir að aðstæður „kalli á annan lífsstíl en þann sem kenndur er við það umtalaða ár 2007.“ Og ritstjórnin fyrirverandi spyr: „Var það eitthvað sérstaklega eftiróknarverður lífsmáti?“

Svari nú hver fyrir sig.

Hvað sem líður mati manns, sem í áratugi sat, að því er talið var að margra mati, í einum af mestu valdastólum samfélagsins, sem ritstjóri Morgunblaðsins, skal tekið undir þau orð er hann lét falla í Silfri Egils um helgina, að umræðan í þjóðfélaginu, sem ætti að teljast til menningar, væri ómenning, þar sem hún væri minna og meira persónugerð í stað þess að snúast um málefni sjálf. Og þessi reynslubolti kvað fjölmiðla þurfa að fara að horfast í augu við sjálfa sig. Þegar svo er komið að þingmönnum er farið að þykja nóg um skotgrafapólitíkina á sjálfu Alþingi, hvar einstaka þingmenn eru sagðir lagðir í einelti fyrir óhlýðni (við flokkinn?), er meira en lítið farið úr böndunum.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þjóð, sem fram til þessa hefur státað sig af því að búa við elsta þjóðþingið, að sú staða skuli

nú uppi að lýðræðilega réttkjörnir fulltrúar til setu á Alþingi skuli ítrekað sæta ofbeldi við setningu þingsins. Rétturinn til mótmæla er fólki í lýðræðisríki helgur engu síður en rétturinn til að berjast fyrir bættum kjörum. Ofbeldi í hvaða mynd sem er, er aftur á móti aldrei réttlætlanlegt. Og það er hættulegt að því sé hampað.

Þýsna löng hefð er fyrir því eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar að loknum kosningum, að nýju stjórninni þygi vissara að hafa vaðið fyrir neðan sig með því að tala um erfitt bú, sem hún taki við, á meðan fráfarandi stjórnarliðar upphelja góðan viðskilað. Vart verður um það deilt hver staðan var eftir hrun. Mörgum þykir hafa komið á daginn að þá hefði verið rétt að láta reyna á samstöðu með því að draga allan þingheim til ábyrgðar. Hversu gaman sem það kann að þykja á hinu háa Alþingi, þá leyfa aðstæður í þjóðfélaginu ekki lengur hina hefðbundnu rífrildis skiptingu, með/móti/stjórn/stjórnarandstaða, ekki lengur.

Það er ekki seinna vænna að alþingismenn fari að taka á honum stóra sínum og taki höndum saman. Þjóðin krefst þess og þjóðin á það skilið. Þótt fólk greini á um menn og málefni þá megum við aldrei missa sjónar á þörfinni fyrir að búa við þing, sem við getum borið virðingu fyrir. Auðnist okkur það ekki, hvað er þá eftir af stolti okkar sem þjóðar? *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, *asta@bb.is*. Ritstjóri netútgáfu *bb.is*: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

TOYO TIRES


Þú færð hágæða vetrardekk hjá okkur!



Verlum í heimabyggð

BÍLAVERIÐ ehf

Sindragata 14 - S: 456 3501 / 894 - 9499 - www.bilaverid.is



„Þetta er eiginlega manía“

Stuttu eftir að blaðamaður stígur inn á Ytri-Veðrará í Breiðadal rekur hann augun í óvenju veglega kamínu í stofunni og hefur orð á því. „Hún kom sér líka vel þegar það varð rafmagnslaust hér í þrjá daga stuttu eftir að við fluttum inn,“ svarar húsráðandinn Gunnar Gaukur Magnússon. Maður sem vinnur einmitt að því að laga hið flöktandi rafmagn á Vestfjörðum. Hann og félagar hans hjá VesturVerk hafa haft Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum á teikniborðinu í nokkur ár. Nýlega var virkjunin sett í nýtingarflokk mögulegra virkjanakosta á landinu, samkvæmt nýrri rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Blaðamaður settist niður á Ytri-Veðrará og lagði nokkrar spurningar fyrir Gunnar

Gauk.

Þvælst um heiminn

„Ég var vélstjóri á Guðbjörginni þar til ég fór til Helsingör árið 1988 til að læra vélataekni-fræði. Þarna var ég í fjögur ár en kom svo heim og stofnaði fyrirtæki ásamt félögum mínum, Guðmundi Högnasyni og Sigurði Jónssyni. Samhliða því vann ég við útboð á vegum Funa. Því næst fór ég að vinna í Skipasmíðastöðinni og var þar til 1997 en flutti mig þá til Skipataekni. Í framhaldinu fór ég til Kanada og starfaði í þrjú ár hjá Clearwater Seafood. Þar hönnuðum við Guðmundur kúfiskskip í sameiningu og ég hafði síðan eftirlit með smíðinni í Tævan en lokahönnun þess fór fram í fjórum löndum

sem þurfti einnig að hafa eftirlit með. Ég ferðaðist mjög mikið fyrir Kanadamennina á þessum tíma, fór tvisvar í kringum hnöttinn á nokkrum vikum og var meira og minna í Tævan í tvö ár. Fjölskyldan var því í þremur heimsálfum, tvö börn á Íslandi, konan í Kanada ásamt þriðja barninu en ég sjálfur alltaf í Asíu. Ég greip því tækifærið þegar 3X bauð mér að gerast framkvæmdastjóri hjá þeim og við komum heim.“

Par starfaði Gunnar Gaukur í eitt og hálf ár en ákvað svo að söðla um og hefur unnið sjálfstætt síðan. „Núna er ég að vinna að hönnun á vindu sem sameinar kapalspil og togvindu. Ég fékk styrk frá Nýsköpunarmiðstöð til að vinna að þessu sem felst aðallega í að taka spil sem sem ég

hafði áður hannað fyrir Nýsköpunarmiðstöð og Hafrannsóknastofnun og þróa það yfir í aðra og stærri vindu og taka hana lengra. Minna spilið hefur verið smíðað og verður prófað í Djúpinu á næstu vikum. Annars eru það nú eiginlega Hvalárvirkjun sem tekur mestan tíma þessa dagana.“

Hvalárvirkjun

Fyrirtækið VesturVerk í eigu Gunnars Gauks, bróður hans Valdimars Steinþórssonar og frænda hans Hallvarðs E. Aspelund, vinnur að undirbúningi virkjunarinnar. Hún er ein af fimm virkjunum í nýrri rammaáætlun ríkisstjórnarinnar. Nýlega undirritaði VesturVerk samning um fjármögnun á undirbúnings-

vinnu við fjármögnunarfyrirtækið GAMMA. Áætlaður kostnaður við Hvalárvirkjun er 15 milljarðar. „Þetta virkjanaævintýri hófst hjá mér og Valda bróður í kringum 1983 þegar foreldrar okkar byggðu sumarbústað í Leirufirði á Jökulfjörðum. Þar sátum við oft í myrkri seint á sumrin og veltum fyrir okkur hvort ekki væri hægt að virkja ána. Síðan hefur þetta eiginlega verið manía, að virkja. Reyndar er ég eiginlega alinn upp í þessu því pabbi var verkstjóri þegar Mjólkárvið virkjun var stækkuð og afi var líka verktaki þar. Ég ólst því upp við hliðina á virkjunum þótt ég hafi ekki unnið við þær.

Ég, Valdimar og Hallvarður höfðum farið víða um Vestfirði og mikið velt fyrir okkur hvar mætti virkja, þó yfirleitt frekar í



„að virkja“

gamni en alvöru. Annaðhvort virkuðu árnar of litlar á okkur eða að við heyrðum að landeigendurnir væru ekki á þeim buxunum að virkja. Lögin eru þannig að ekki þarf nema einn landeiganda til að stöðva virkjunarundirbúning. Í sumum tilvikum er eigendahópur að tilteknu landinu mjög fjölmennur svo það getur verið erfitt að fá alla til að vera með. Einhvern daginn árið 2007 datt okkur félögum þó í hug að hringja í Pétur í Ófeigsfirði og spyrja hvort einhver hefði rætt við landeigendur í firðinum um vatnsréttindi. Hann varð svona himinlifandi að heyra í okkur. Það hafði aldrei neinn haft samband við hann vegna þessara mála. Við vorum búnir að ganga frá samningi við landeigendur og vatnsréttindi nokkrum mán-

uðum síðar.“

40 megawött

Gunnar Gaukur segir málin hafa þróast hægt í fyrstu. „Margir höfðu áhuga og við áttum í viðræðum við fullt af fólki. Við töluðum við Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjun Power og fleiri. Eins fengum við allskonar fyrirspurnir bæði héðan og að utan. Við vorum samt mjög langt komnir í viðræðum við ákveðið fyrirtæki þegar hrúnið varð. Eftir það gerðist lítið þar til síðasta haust en þá virtist eitthvað fara að rofa til. Það gerði svo útslagið núna að Hvalárvirkjun er í nýtingarflokki síðustu rammaáætl-

unar en það breytir málunum algerlega. Við gerðum samninginn við GAMMA í kjölfarið og nú stendur yfir fjármögnun á þeim rannsóknum sem við þurfum að fara í. Þeir hjá GAMMA hafa mjög stuttan tíma til að ljúka þeirri fjármögnun.“

Aðspurður hversvegna Hvalárvirkjun hafi komist á rammaáætlun segist Gunnar Gaukur telja að raforkuöryggi Vestfjarða hafi mikið um það að segja. En skiptar skoðanir eru um hvar orkuvandi Vestfirðinga liggur. „Það er lítið sem ekkert hægt að byggja upp á Vestfjörðum því það er ekki nóg raforka hérna. Þrátt fyrir að forsvarsmenn Orkubúsins segi annað. Ég veit til þess að fyrirtæki hafi ekki fengið þá raforku sem þau óskuðu eftir hér á svæðinu. En flutningsnetið er líka vandamál, línurnar hér fyrir vestan meira og minna í sundur geri einhver veður. Fyrst og síðast eru raforkumál Vestfjarða í ólestri og það viðurkenna allir sem til þekkja.“

Þannig að þú telur næga eftirspurn eftir því rafmagni sem Hvalárvirkjun myndi framleiða?

„Hvalár er í sjálfu sér ekki stór virkjun. Hún gerði ekki meira en að anna Vestfjörðum ef Mjólka dytti út ásamt vesturlínu. Mjólkárirkjun fer núna upp í 12 megawött í uppsettu afl. Þá erum við bara að tala um uppsett afl og það hefur ekkert verið gert fyrir áveitumál virkjunarinnar, en það sem virkjunin framleiðir er háð stöðuorkunni í vötnunum þar. Þar eru engar nýjar áveitur og vatnið er ekki til staðar nema að takmörkuðu leyti. Núna er þeir að endurnýja vélar og fá auðvitað betri nýtni með þeim, nýta betur það vatn sem þeir hafa, en í sjálfu sér er stækkunin minni en fólk heldur. Mjólka hefur verið að framleiða um 57 gígawattsstundir á ári og hef ég heyrt að framleiðslan fari að öllum líkindum eitthvað yfir 65 gígawattsstundir á ári. Það hefur lífinn tilgang að vera með 300 hestafla vél undir húddinu ef þú hefur ekki eldsneyti í langferðina.“

Hvalárvirkjun yrði kannski um 40 megawött í uppsettu afl og er að framleiða um 260 gígawattsstundir sem er svipað magn og Vestfirðingar eru að nota. Ef við reistum Hvalárvirkjun þá væri það þannig að Vestfirðir rétt næðu að vera sjálfbærir, þetta er ekki meira en það.“

Hár tengikostnaður

Að sögn Gunnars Gauks er tengingin við landsnetið helsta vandamálið við byggingu Hvalárvirkjunar. „Núna er þetta þannig að það mega engir aðrir reka orkuflutningsfyrirtæki sambærilegu Landsneti. Þetta var einkavætt 2006 og þá lögðu RARIK, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða línurnar sínar inn sem

hlutafé. Á þeim tíma var reyndar ekki tekið tillit til þess þess í hvaða ástandi línurnar voru og að víða á landinu er raforkukerfið algerlega í lamasessi, sérstaklega á Norðausturlandi og Vestfjörðum. Nú þegar við ætlum að reisa virkjun verðum við að borga sjálfir fyrir línuna inn á landsnetið. En virkjunin er það dýr að hún ber ekki þennan tengikostnað sem er um 3 milljarðar. Á meðan málin standa svona verður það því okkar markmið að finna kaupanda að orkunni sem vill staðsetja sig sem næst orkuverinu. Þá förum við sjálfir í að leggja þær línur sem verða í mesta lagi nokkrir tugir kílómetra, en virkjunin mun þá ekki tengjast landsnetinu.“

Gunnar Gaukur segist líta svo á að Vesturverk sé búið að vinna sína vinnu hvað þetta mál varðar, nú sé komið að stjórnmálamönnum. „Ætli ríkið að leysa raforkumál Vestfjarða svo hægt sé að byggja upp hérna getur það valið úr 3 - 4 möguleikum sem kosta 6 til 10 milljarða. Þá erum við að tala um strengi og nýjar línur að sunnan. Að tengja Hvalárvirkjun við landsnet myndi kosta 3 milljarða, auk þess sem Vestfirðir væru þá komnir inn á orkunetið og raforkuöryggi hér tryggt. Ef virkjunin tengist ekki netinu verður ríkið að laga orkumálin hérna einhvernveginn öðruvísi því það vill ekkert fyrirtæki byggja upp á svæði þar sem raforkuöryggi er tryggt með díselvélum. Fyrir mér blasir við hvað er hagkvæmast að gera og vilji fólk kynna sér þetta betur þá eru okkar plögg alveg opin.“

Hverskonar fyrirtæki kæmu til greina ef þið færud í það að finna kaupanda að orkunni á staðnum? „Það yrði einhver hátækniöndur. Orkan frá þessari virkjun yrði alltaf dýr og engin álvinnsla eða neitt slíkt réði við verðið. Við keppum ekki við þann markað sem Landsvirkjun er inni á.“

Níu kílómetrar af göngum

Samkvæmt áætlunum Vesturverks munu framkvæmdir við virkjunina hefjast 2013 og hún verða gangsett 2016. „Þetta er samkvæmt bjartsýnustu vonum. Þegar fjármagnið er komið förum við í rannsóknir, væntanlega næsta sumar. Þær kosta hundruðir milljóna en felast aðallega í að skoða bergið þar sem virkjunin verður reist. Þetta er um 9 kílómetrar af jarðgöngum og bergið ræður auðvitað miklu um kostnaðinn. Niðurstöður úr svona rannsóknum geta leitt til þess að menn láta staðar numið því bergið er ekki gott. Þessi undirbúningsfasi er því yfirleitt mesti áhættuþátturinn í ferlinu. En við erum bjartsýnir. Það er búið að bora í gegnum tvö stór fjöll hér á

Vestfjörðum og bergið er varla svo ólíkt þarna.“


Vesturverk hefur náð samningum við landeigendur og þá sem eiga vatnsréttindi í Ófeigsfirði. En eru Strandamenn ekkert viðkvæmir fyrir því að fá virkjun á svæðið? „Nei, Strandamenn bíða eftir okkur. Við höfum aldrei heyrt neikvæða umræðu um Hvalárvirkjun á Ströndum. Sjálf sagt eru einhverjir á móti þessu þótt við höfum ekki orðið varir við þá. Auðvitað verður líka að fara varlega í framkvæmdir af þessu tagi svo að þær séu gerðar af einhverju viti. Það er búið að gera forrannsóknir á náttúrunni þarna, rannsóknir sem á eftir að gera mun betur, en það bendir ekkert til að verið sé að fórna miklu þarna. Þetta eru mest klappir og dýralífið er nánast ekkert á Ófeigsfjarðarheiðinni. Í einni skýrslunni var líka tiltekið að ekki sé verið að raska miklum gróðri.“

True Viking

Gunnar Gaukur er maður með margt á þrjónunum og eitt af aukaverkefnum er markaðssetning á herrailminum True Viking. „Hallvarður hannaði á sínum tíma frábærlega flotta glerflösku sem lítur úr eins og íslenskt tóbakshorn, eða víkingahorn. Hann lét framleiða flöskurnar fyrir sig erlendis, lét svo tappa á þær herrailmi og var með þetta á markaðnum hér undir nafninu True Viking í nokkur ár. En svo lenti hann í vandræðum með framleiðsluna þegar sá sem hafði búið til fyrir hann flöskurnar hætti með fyrirtækið sitt. Við Hallvarður erum búnir að fara í margar ferðir saman út af Hvalárvirkjun og í einni þeirra gerðum við með okkur það samkomulag að ég tæki yfir framleiðsluna á True Viking en hann fengi prósentur af sölnunni sem hönnuður. Ég og konan tókum þetta því að okkur en aðallega til gamans.“

Hinsvegar hefur reynst mikil þrautarganga að fá flöskuna framleidda. „Hún er ekki symmetrísk og því er þetta svólitíð mál. Í innkaupum er hver flaska fjórum sinnum dýrari en symmetrísk flaska. Enda er hver flaska handsmíðuð. Í raun má segja að engin flaska sé eins,“ segir Gunnar Gaukur og hlær. „En fyrsta stóra sendingin er loks að koma með skipi í næstu viku. Fríhöfnin er búið að taka fyrstu pöntun inn í búið og þetta fer ágætlega að stað hjá okkur.“

Og hvernig lýsirðu ilminum? „Hallvarður var búinn að velja ilminn og hann er áfram sá sami. Þessi ilmur kemur í gegnum fyrirtæki í Svíþjóð og mér skilst að hann geri karlmenn alveg ómótstæðilega, eins og ein frænka mín sagði. Við fáum ilmefnið að utan en Tandur í Reykjavík sér um að



blanda það fyrir okkur. Við töppum sjálf á flöskurnar hér heima. Enda byrjum við smátt, erum bara að hugsa um heimamarkaðinn og Frfhöfnina.“

hér á svæðinu frekar en endalaust um túrisma.“

Ísfirðingur í Öfundarfirði

Smáliðnað á Vestfirði

Hvernig líst þér á framtíð Vestfjarða? „Ég er alveg sannfærður um að við byggjum ekki Vestfirði upp á fiski. Menn skulu ekki láta sig dreyma um að fá meiri kvóta hérna og ættu að skipta um gír. Enda er Ísland að breytast úr því að vera veiðimannahjóðfélag yfir í það að vera iðnaðarhjóðfélag. Þegar ég velti fyrir mér atvinnustarfsemi hér á svæðinu verður mér oft hugsað til Noregs. Þar þrífst allskyns iðnaður og jafnvel hátækni iðnaður í hverju krummaskuðinu á eftir öðru. Þetta gengur vel hjá þeim og því skyldi það ekki gera það hér? Ég er að tala um ýmskonar smáliðnað, 50 til 100 manna fyrirtæki. Reyndar væru það stórfyrirtæki á vestfirskan mælikvarða. Auðvitað flækir kostnaður við flutninga málin en það er hægt að jafna. Ef við höfum hér megin æðar nútímaþjóðfélags í lagi, sem eru samgöngur, rafmagn og ljósleiðaratengingu, þá björgum við okkur. Málið er bara að við höfum þetta ekki. Mér finnst líka synd að sjá hvað er orðið um þessi iðnfyrirtæki hér í grenndinni sem voru öflug þegar togarnir voru enn á svæðinu. Þetta voru mjög kröftug fyrirtæki á þeim tíma en í dag má þakka fyrir ef þau ná að sinna þessum 2-3 togurum sem eftir eru.

Þegar verið er að tala um nýjar atvinnugreinar hérna sýnist mér að öll framtíðarplönin snúist um túrisma. En við lifum ekki á því að selja tíu samlokum meira í október eða september. Auðvitað á túrismi að vera partur af uppbyggingu hérna en nú er eins og allir ætli í hann. Svo kemur örugglega einhver skellur þar eins og venjulega. Ég myndi vilja heyra meira talað um smáliðnað

Hvað kom til að Ísfirðingurinn keypti sér hús í Öfundarfirði og tók sveitina fram yfir gamla bæinn?

„Ég keypti nú reyndar á Ísafirði þegar við komum aftur heim og það var bara fínt að vera kominn aftur þangað. En dóttir okkar byrjaði í hestum þegar hún var nú ára og við hjónin vorum mikið að hjálpa henni. Smám saman fengum við hjónin því sjálf áhuga á hestamennsku. Það þróaðist þannig að einn daginn ákvað ég að færa konunni heyrúllu og hest að gjöf. Kannski í og með til að bæta upp fyrir árin á sjónum þegar maður færði henni nánast aldrei blóm. Í framhaldinu vantaði hús fyrir hestinn en það var lítið af lausum hesthúsupplássum. Þegar ég færði það í tal við Gest vin minn í Fagrahvammi benti hann mér á að kíkjá yfir í Öfundarfjörð, hann hefði heyrt að Veðrará væri til sölu. Þannig að ég fæ konuna til að koma með mér og keyri framhjá húsinu þrjá daga í röð, að spá og spekulera. En á endanum spudri konan hvort ég ætlaði ekki að drífa mig heim að húsi og tala við manninn. Því bankaði ég upp á og við vorum búin að kaupa viku seinna. Þannig reddaðist þetta með hesthúsið en við kunnum líka mjög vel við okkur hérna.

Annars eru tvö af börnum okkar farin að heiman og það þriðja eiginlega líka. Eldri strákurinn er að byrja í H.R. í Reykjavík eftir að hafa lært rafvirkjun í Pólnum, dóttir okkar er bóndi í Þistilfirði á Norðausturlandi og yngsti sonurinn í menntaskólann á Ísafirði og í flugnámi í Keflavík.

Aðspurður hvort Gunnar Gaukur eigi sér önnur áhugamál en hestana, brosir hann og svarar stutt og laggott: „Virjunina.“

– Huldur Breiðfjörð.



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag, Gleiðarhjalli, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt að auglýsa drög að deiliskipulagi neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði.

Um er að ræða tæplega 19 ha svæði ofan við Seljalandsveg og Urðarveg. Gert er ráð fyrir byggingu ofanflóðavarna ofan við byggðina í efri bænum. Varnirnar felast í tveimur snjóflóðagörðum og tveimur aurvarnargörðum með flóðarásum ofan við þá. Að hluta til er um stækkingu og breytingu á núverandi varnavirki að ræða.

Til að bæta fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna er gert ráð fyrir bættri aðstöðu til útivistar. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir og meðfram varnarmannvirkjunum, með tengingum við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnargarðana, sem síðar mun tengjast reiðstíganeti bæjarins.

Deiliskipulagið er auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar meginforsendur liggja fyrir í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er bæjarstjórn heimilt á grunni 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga að falla frá gerð lýsingar.

Auglýsing fyrir drög að deiliskipulagi verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá 17. október 2011.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 28. nóvember 2011. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 10. október 2011.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

Nýtt byggðamerki samþykkt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gera nýja útgáfu af merki Ísafjarðarkaupstaðar að byggðamerki Ísafjarðarbæjar. Var það samþykkt með sjö atkvæðum af níu en tveir bæjarfulltrúar Í-listans, Arna Lára Jónsdóttir og Jóna Benediktsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins. Þær lýstu því yfir að þær hefðu verið mótfallnar því að hreyfa málinu þegar ákveðið var að skipa nefnd til að finna nýtt byggðamerki á síðasta ári.

Eins og kunnugt er hafa frá því að Ísafjarðarbær var stofnaður verið gerðar fjölmargar tilraunir til að finna bænum eitt byggðamerki án þess að þær tilraunir hafi borið árangur. Hefur því byggðamerki bæjarins verið samansett úr byggðamerkjum



fjögurra af átta fyrrverandi sveitarfélögum bæjarins. Í desember var ákveðið að sett yrði á laggimar nefnd sem myndi koma með tillögum að nýju skjaldarmerki fyrir Ísafjarðarbæ sem uppfylla myndi reglugerð um skráningu byggðamerkja, en samkvæmt

henni er ekki heimilt að nota fjögur samsett merki sem byggðamerki.

Samkvæmt lýsingu Halldórs Péturssonar, höfundar á merki gamla Ísafjarðarkaupstaðar, sýnir það bát á siglingu á sjávarfleti, til beggja handa eru há Vestfjarðafjöllin en úti fyrir firðinum er miðnætursólin að hníga til viðar. Er það mat nefndarinnar að með tilliti til lýsingar höfundar sé merkið lýsandi fyrir alla fimm byggðakjarna sveitarfélagsins, hvort sem um er rætt þá tvo byggðakjarna sem voru í gamla Ísafjarðarkaupstað eða núverandi byggðarlög Ísafjarðarbæjar, allt frá Amarfirði, til Dýrafjarðar, Öfundarfjarðar, Súgandafjarðar, Skutulsfjarðar og Hnífsdals.

– thelma@bb.is

Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi
kynnir einstaka tónleikaveislunni á adventu

10. ÁR
FROSTRÓSIR



Ísafjörður
Ísafjardarkirkja 20. desember kl. 21:00



Tálknafjörður
Tálknafjardarkirkja 21. desember kl. 21:00

HERA BJÖRK • MARGRÉT EIR • VALA GUÐNA • GARDAR THÓR CORTES • FRÍÐRIK ÓMAR
STÚLKNAKÓR ÍSAFJARÐAR • BARNAKÓR VESTURBYGGÐAR OG TÁLKNAFJARÐAR
FÉLAGAR ÚR STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • STJÓRNANDI KARL O. OLGEIRSSON



MÍÐASALA Á MIDL.IS

Kringlan



Nánar á frostrosir.is



Vilja stækka Tungudalsvöll

Golfklúbbur Ísafjarðar hefur sótt um landsvæði austan Tunguár í Tungudal í Skutulsfirði til stækkunar á golfvelli félagsins, Tungudalsvelli. Ætlunin er að breyta fjórðu brautinni sem er þar 4 og lengja hana í þar 5. „Þessi breyting mun gera golfvöllinn meira krefjandi og mun skemmtilegri. Þessi stækkun mun auk þess opna golfvöllinn meira, en eins og menn vita er hann mjög þröngur og á stundum háskalegur vegna þess hve brautirnar liggja saman,“ segir í bréfi klúbbsins til bæjaryfirvalda.

Hugmyndin er sú að gera teig við endann á núverandi æfingasvæði klúbbsins og ryðja braut handan árinna en nota sömu flöt og er nú við fjórðu brautina. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur vísað erindi klúbbsins til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

smáar

Mig vantar ca. 50% vinnu á Ísafirði. Uppl. gefur Ingibjörg Karlsdóttir í síma 866 5864.



Gísli Sverrir Árnason, sem var með verkefnið Eyðibýli á Íslandi, Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri ferðamála í iðnaðar-ráðuneytinu, Sigrún Birgisdóttir, hjá Vatnavinum Vestfjarða, og Ari Páll Pálsson, frá verkefninu Fuglastígur á Norðausturlandi.

Vatnavinir fengu hvatning-arverðlaun iðnaðarráðherra

Vatnavinir Vestfjarða fengu hvatningarverðlaun iðnaðarráðherra. Afhending viðurkenningarinnar fór fram á ferðamálaþingi sem haldið var á Ísafirði í síðustu viku. Verðlaunin eru veitt fyrir verkefni

sem miða að samstarfi skapandi greina og ferðaþjónustu. Verðlaunaféð var ein milljón króna en Vatnavinir Vestfjarða er samstarfshópur í heilsutengdri ferðaþjónustu þar sem landeigendur, ferða-

þjónar, stjórnsýsla og aðrir áhugamenn á Vestfjörðum vinna í nánú samstarfi með Vatnavinum og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Markmið verkefnisins er að þróa vestfirskt aðráttarflá

heimsvísu, tengt náttúru, heilsu, baðmenningu og vatni. Einnig voru tilnefnd til verðlaunanna verkefni Eyðibýli á Íslandi og Fuglastígur á Norðausturlandi. – thelma@bb.is

Hyggjast leigja 100-120 gáma skip

Lindarfoss ehf., hefur óskað eftir tólf mánaða framlengingu á gildandi vatnskaupasamningi félagsins við Ísafjarðarbæ frá því í mars. „Við teljum okkur vera komin með fjárfesta sem einnig eru með hugsanlega kaupendur. Þeir hafa mikinn áhuga á vatnsverkefninu ásamt öðru sem gæti tengst verkefninu á Ísafirði,“ segir í bréfi félagsins til bæjaryfirvalda.

Í samningnum er ákvæði um að Ísafjarðarbær skuldbindi sig til að láta Lindarfossi í té leigulönd undir verksmiðju og geymsluhús á hafnarvæðinu ásamt útisvæði fyrir gáma. Hefur félagið óskað eftir athafnasvæði sem getur tengst hafnarvæðinu innan öryggisgrindar.

„Gangi verkefnið eftir á þeim forsendum eins og það er skipu-

lagt gagnvart arðsemi og framkvæmd, er eina leiðin flutningslega að leigja 100-120 gáma skip og flytja vatnsgámana beint frá Ísafirði til Rotterdam og við það gæti skapast möguleiki fyrir önnur fyrirtæki á svæðinu að nýta þau skip að einhverju leiti,“ segir jafnframt í bréfinu. Samningurinn, sem snýst um hagnýtingu og sölu á vatni frá vatnslindum í

eigu Ísafjarðarbæjar, var fyrst undirritaður var árið 2008 en síðan endurnýjaður í eitt ár í mars. Með samningnum skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að fara ekki í beina samkeppni við fyrirtækið, eða stuðla að því að þriðji aðili hefji slíka starfsemi í sveitarfélaginu.

Bæjarráð leggur til við bæjarráðgjöf að orðið verði við þeirri beiðni Lindarfoss ehf.

„Fjör“egginnu kastað?

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Við þingsetningu talaði forseti Alþingis um að þingmenn færu með fjöregg lýðræðisins. Þá vaknar eftir hörmungar undanfarinna ára spurningin um það hvað sé lýðræði. Margur leggur sinn skilning í hugtakið og fer ekki alltaf saman það sem lýðnum finnst. Hitt er ljóst að margur hefur fengið sig fullsaddan af því lýðræði sem ríkisstjórnin stendur fyrir ásamt Alþingi og þeim sem þar sitja, hvort heldur þeir teljast til stjórnar eða stjórnarandstöðu. Þó er það svo, að aldrei má gleyma því að margur í ríkisstjórn og á Alþingi telur sig gera bara nokkuð gott í störfum sínum. Margur úti í samfélaginu deilir ekki þeirri skoðun með nafna sínum á þingi. Margur innan þings og utan er farinn að nota orðbragð sem hefði verið bannað í kvikmyndum Ríkissjónvarpsins fyrir ekki svo löngu síðan, í hið minnsta bannað börnum.

Nú er reiddin í samfélaginu slík að margur sér ekki mæður lengur taka fyrir eyru barna sinna þótt margur stjórnmalamaðurinn kalli vinnusystkin sín á Alþingi þvílíkum ónefnum að meira segja fullharðnaðir karlmenn roðna og skammast sín fyrir þetta fólk sem á að heita þjónar almennings. Hörðustu sjómenn eru ekki líkir mörgum þingmanni um orðbragð og framkomu og þekkja þó margt. En hörðustu sjómenn hafa hins vegar áhyggjur af því hve ábyrgðarlitlir sumir þingmenn eru í tali og skoðanaflutningi varðandi fiskveiði-

stjórnun og breytingar á kvótakerfinu. Nái tveir Vestfjarðapingmenn fram sínum hugmyndum um fiskveiðistjórnkerfið mun halla hratt undan Vestfirðingum og byggð sömuleiðis. Draumórar eru fínir sagði skáldið, en menn verða að lifa. Og af háleitum hugsjónum sem ekki ná takti við raunveruleikann verður lítið úr mat. Þingmennirnir hafa báðir lýst fylgi við það að Ísland verði hluti af Evrópusambandinu. Gott og vel. Er ekki rétt að minna margan þingmann á yfirstandandi baráttu Skota við að ná fram kvóta í samræmi við sjónarmið vísindamanna. Evrópusambandið neitar stíft.

Lýðræðið er dýrmætt og gleymist í fjörinu á Alþingi, orðaglamri, dónaskap og auðsjáanlegri fyrirlitningu sem margur alþingismaðurinn hefur á mörgum vinnufélaga sínum. En „fjórið“ er ekki nóg. Það sýndi sig á eggjakasti almennings á margan þingmanninn. Sem betur fer var það ekki fjöregg lýðræðisins, en ætti að vera mörgum þingmanni áminning um það að fjöregg efnahags Íslendinga er í þeirra höndum og því má ekki kasta. Þá brotnar það. Þetta þarf margur að hafa í huga þegar „kvótinn“ verður afgreiddur um fiskinn. Hafa þarf samráð við þá sem starfa við fiskveiðar og –vinnslu. En hitt er rétt að kvótinn á hegðun margs þingmannsins er löngu fylltur og ætti nú að taka hann af.

„Náttúruleg rannsóknastofa á sviði haftengdra rannsókna“

Tillaga til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang þróunar, rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs og í málefnum haf- og strandsvæða. Er lagt til að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skilgreina Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, m.a. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis. Skilgreiningin verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárframlög og stuðning við fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum. Þingsályktunartillagan lýtur að stefnumörkun háskólastarfs í landinu annars vegar og markvissum stuðningi og stefnu fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni hins vegar.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur boðað heildarendurskoðun á málefnum háskólanna. Slík endurskoðun kallar á skýrari stefnumótun en verið

hefur þar sem umsvif háskólastarfsemi hafa aukist ört í landinu undanfarin ár. Við mótun mennta- og rannsóknastefnu háskólastigsins er mikilvægt að horfa til sérstöðu háskólasvæðanna og nýta sem best það atgervi og þær stofnanir sem fyrir eru í hverjum landshluta. Þegar taka þarf ákvarðanir í atvinnumálum er einnig mikilvægt að líta til nýsköpunar- og þróunarmöguleika í samstarfi atvinnufyrirtækja og háskólaumhverfisins.

„Á Vestfjörðum hefur nú þegar þróast háskóla- og rannsókn- umhverfi með Háskólastetri Vestfjarða, rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Vestfjarðaakademíunni, Fræðslumiðstöð Vestfjarða (sem lagði grunn að háskólastarfi á Vestfjörðum fyrir tilkomu Háskólastets), útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði, Mátis (áður Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins) og fleiri

aðilum,“ segir í greinargerð með tillögunni.

Atvinnufyrirtæki og sveitarfélög í fjórðungnum sameinuðust fyrir fjórum árum um stofnun Háskólastets Vestfjarða ásamt háskólunum í landinu, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og fleirum. Háskólastetrið hefur nú byggt upp námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Á sama tíma hefur Hafrannsóknastofnunin á Ísafirði verið að gera merkilegar veiðarfærarannsóknir í samstarfi við Impru á Nýsköpunarmiðstöð og Hraðfrystihúsið Gunnvör og Mátis hefur verið með þorskeldistilraunir, auk þess sem ný rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík og á Patreksfirði, Náttúrustofa Vestfjarða og Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands hafa sinnt umhverfis-, snjóflóða- og dýralífrannsóknnum, svo að nokkuð sé nefnt.

„Vestfirðir eru náttúruleg rann-

sóknastofa á sviði sjávarlíffræði, fiskeldisrannsókna, veiðarfærarannsókna, sjávarvistkerfa og stranda, hafstrauma og annarra umhverfisþátta sem tengjast hafinu,“ segir í greinargerðinni. Þar er bent á að rannsókn- og fræðasetur þau sem fyrir eru hafa góð tök á innbyrðis samstarfi sem og samstarfi við atvinnufyrirtæki í nágrenninu. Má þar nefna vélsmiðjur, rafmagnsverkstæði, sjávarútvegsfyrirtæki (t.d. þorskeldisrannsóknir Hraðfrystihússins Gunnvarar) og hátækni framleiðslu (3X-technology). Þetta þróunar- og rannsóknastarf mætti efla enn frekar og nýta í þágu háskólastigsins og atvinnulífsins á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur lagt áherslu á aukinn stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávarartengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.

Enn fremur að rekstrargrundvöllur og núverandi námsframboð Háskólastets Vestfjarða verði tryggt til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta, t.d. í meistaranámi. Þá er Fjórðungssambandið þess hvetjandi að stjórnvöld tryggi áfram fjármögnun til rannsóknastarfs.

Í þessu sambandi má einnig minna á nálægðina við auðlindir sjávarútvegsins, fiskimiðin, sem góðan grundvöll fyrir því að rannsóknamiðstöð í þorskeldi verði á Vestfjörðum, sömuleiðis að atferlis- og veiðarfærarannsóknir verði starfræktar í samvinnu rannsóknastofnana á Vestfjörðum.

Flutningsmenn tillögunnar eru þau Ólína Þorvarðardóttir, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Einar K. Guðinnsson, Guðmundur Steingrímsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir.



Vestfirsk ferðaþjónusta fer stigvaxandi.

Ríflega fimmtíu ferðaþjónar keyptu sig inn í Vesturferðir

Ríflega fimmtíu ferðaþjónar tóku þátt í hlutafjárútgáfu ferðaskrifstofunnar Vesturferða á Ísafirði sem efnt var til á dögunum. „Það eru 53 ferðaþjónar búnir að kaupa sig inn í Vesturferðir og leggja inn tæpar sex milljónir króna. Fyrirtækið er því í öruggum höndum og þetta lítur vel út,“ segir Sigurður Arnfjörð, framkvæmdastjóri Vesturferða. „Öllum markmiðum Ferðamálasamtaka Vestfjarða með kaupunum var náð. Við erum alsæl með þetta,“ segir Sigurður. Ferðamálasamtök Vestfjarða ákváðu að selja 45% af eignarhlut sínum í ferða-

skrifstofunni Vesturferðum en þau keyptu 70% hlut í fyrirtækinu í vor af Hótel Ísafirði og Flugfélagi Íslands.

Markmiðið með hlutafjárútgáfunni var að sameina þá sem koma að ferðaþjónustu á Vestfjörðum og bjóða viðskiptavinum upp á eina öflugra sölugátt inn á svæðið. „Ferðamálasamtök Vestfjarða líta á það sem eitt stærsta verkefni sitt að fá aðila í vestfirskri ferðaþjónustu til að sameina krafta sína og vinna sjálfir að því að koma sér á framfæri,“ sagði Sigurður Atlason nýlega í samtali við blaðið.

Hluthafafundur verður haldinn á Ísafirði á morgun þar sem ný fimm manna stjórn verður kjörin en allir hluthafar hafa kjörgengi til stjórnar. Hennar fyrsta hlutverk verður að ráða nýjan framkvæmdastjóra en Sigurður var eingöngu ráðinn tímabundið.

Þess má geta að vestfirsk ferðaþjónusta hefur farið vaxandi undanfarin misseri og má þar nefna sem dæmi að tímabilið er sífellt að lengjast. Margt spennandi er framundan svo sem fyrsta uppskeruhátíð Ferðamálasamtakanna sem haldin verður að Núpi í Dýrafirði á laugardag.



Frá gerð myndarinnar.

Vaxandi Tungl sýnt á Ísafirði

Kvikmyndin Vaxandi Tungl verður sýnd í Ísafjarðarbíói sunnudaginn 23. október. Myndin er ramm vestfirsk, tekinn upp á Suðureyri á síðasta ári og skartar að mestu vestfirskum leikurum. Má nefna þá Pálma Gestsson, Elfar Loga Hannesson og Ársæl Níelsson. Að auki eru Elva Ósk Ólafsdóttir og hin fransk-danska-súgufirka Rakel Valdimarsdóttir í myndinni. Nokkrir krakkar af svæðinu stíga sín fyrstu skref á hvíta tjaldinu s.s. Sunna Karen Einarisdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Svanur

Pálsson og aðalleikkonan Birta María Gunnarsdóttir.

Myndin fjallar um deilu tveggja bræðra um móðurarf, annar á barnaláni að fagna, hinn ekki. Óvænt þungun kemur málunum á skrið en þá tekur yngsta dóttirin til sinna ráða og nýtur þar hjálpar ömmu sinnar að handan. Myndin er af framleidd af kvikmyndafélaginu Í einni sæng, Íslands-sögu á Suðureyri og Klofnings. Helsti styrktaraðili myndarinnar er Menningarráð Vestfjarða. Leikstjóri er Lýður Árnason.

– thelma@bb.is



Fjörutíu ár frá því Fyrsta ástin kom út

Um þessar mundir eru liðin fjörutíu ár frá því önnur hljómplata BG og Ingibjörgar kom út en það var tveggja laga plata sem hét Fyrsta ástin. Fyrsta plata hljóm-sveitarinnar kom hins vegar út árið 1968 eða þremur árum fyrr. Það var platan Þín innsta þrá, sem enn iljar mörgum Ísfirðingnum um hjartarætur. Baldur Geir-mundsson, stofnandi BG, sagði í samtali við blaðið að hljóm-sveitararmélimir hefðu mikinn áhuga á að endurútgefa efnið frá fyrstu plötunum. Útgáfurétturinn væri hins vegar í eigu Skífunnar en ekki sveitarinnar.

„Það verður bara að koma í ljós hvað verður, maður reynir. En eins og er er ekkert að fréttu af þessu,“ sagði Baldur. Samkvæmt gömlum blaðgreinum á heimasíðu BG var fyrsta platan tekin upp 1968 en hún var spiluð í öllum óskalaþáttum í útvarpinu í heilt ár.

Gummi Hjaltal í útrás til USA

Ísfriski trúbadorinn Guðmundur Hjaltason (Gummi Hjaltal) leikur um þessar mundir á tveimur uppskeruhátíðum í Virginíufylki í Bandaríkjunum ásamt hjónunum Eggert og Michelle Nielsen, sem búsett eru í Súðavík. Premeningarnir héldu vestur um haf í síðustu viku og verða í 10 daga og á því tímabili halda þau ferna tónleika á tveimur uppskeruhátíðum, þ.e. Great Country Farm og Cox Farm.

Guðmundur sagði ferðina leggjast vel í sig en þetta er í fyrsta sinn sem hann spilar í Bandaríkjunum. Eggert og Michelle eru hins vegar að koma fram í fimmta sinn á Great Country Farm og í 15. skipti á Cox Farm hátíðinni. Eggert segir mikla upplifun að spila á hátíðunum fyrir allt að 10 þúsund manns.



Frá þinginu.

„Vestfirðingar vísa veginn“

„Að ferðast um Ísland er upplifun! Við eigum fjölmargar perlu sem eru nú þegar í boði fyrir ferðamenn að njóta og upplifa,“ sagði Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í ávarpi sínu við setningu ferðamálaþings sem haldið var á Ísafirði í síðustu viku. „Enn eru þó óteljandi upplifanir sem á eftir að „pakka“ inn í þann búning að hægt sé að njóta þeirra til fulls og um það snýst að verulegu leiti vörubróun í ferðaþjónustu – að pakka inn, setja á svið, skapa væntingar og uppfylla þær. Væntingar um einstaka upplifun er það sem hefur, getur og mun draga marga

til Íslands.“ Í erindi sínu sagði Katrín að það væri henni mikið fagnaðarefni að þingið skyldi vera haldið á Ísafirði.

„Það fer vel á því að einmitt hér á Ísafirði skuli haldið þing sem er sérstaklega helgað tengslum ferðaþjónustu og skapandi greina. Við höfum séð það á síðustu árum hvernig Vestfirðingar hafa skapað sér sérstöðu með þróun á ferða- og afþreyingartilboðum sem bjóða upp á einstaka upplifun sem ekki er í boði annarsstaðar. Vestfirðingar vísa hér veginn og eru að leggja grunn að grænni ferðaþjónustu sem þegar

er orðin eftirsótt. Þetta svæði hefur sérstöðu sem verður æ sterka tromp í ferðaþjónustu. Landsvæði eru í auknum mæli að draga fram sérstöðu sína og fjölbreytileika landsins.“

Þá sagði ráðherra samstarf skapandi greina og ferðaþjónusta nú þegar vera fjölbreytt og spennandi. „Og ástæða til að hvetja til enn meiri samvinnu þessara greina eins og gert er með áherslum þessa ferðamálaþings, því dæmin sýna að þar sem skapandi greinar og ferðaþjónusta mætast gerast frábærir hlutir og má þar nefna viðburði eins og Iceland

Airwaves og Aldrei fór ég suður hér á Ísafirði.“ Jafnframt kom fram í máli Katrínar að árið í ár er algjört metár í komu ferðamanna hingað til lands, aukningin hefur undanfarinn áratug verið 10% að meðaltali en nú stefnir í að hún verði nær 20%.

Á annað hundrað manns tóku þátt í þinginu. Iðnaðarráðuneytið og Ferðamálastofa gengust fyrir þinginu í samvinnu við Hönnunarmiðstöð, Arkitektafélag Íslands, Bygðasafn Vestfjarða og Nýsköpunarmiðstöð. Yfirskrift þingsins var „Upplifðu.“

– thelma@bb.is



Fjöldi skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur þrefaldast á tæpum áratug.

Vilja auka öryggi á siglingaleiðum

Þingsályktunartillaga, þess efnis að innanríkisráðherra, umhverfisráðherra og utanríkisráðherra, verði falið að semja reglur um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert landið, m.a. í tengslum við Norður-Íshafsiglingar, hefur verið lögð fram á Alþingi. Markmið reglnanna verði að afmarka siglingaleiðir vestur og norður af landinu í því skyni að treysta öryggi siglinga, auka öryggi sjófarenda og draga úr líkum

á óhöppum og alvarlegum afleiðingum slysa fyrir hið viðkvæma umhverfi og lífríki, ennfremur að stýra og/eða koma í veg fyrir siglingar um sérlega viðkvæm hafsvæði og tryggja viðbúnað vegna mengunarslysa.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er bent á að á árunum 2001–2005 jukust almennir flutningar til og frá landinu um nálægt 15% og hafa þeir haldist nokkuð stöðugir síðan. Töluvert

er um að skemmtiferðaskip leggi leið sína um norðurhöf, milli Grænlands, Íslands, Færeyja og Norður-Noregs og jókst umferð skemmtiferða- og farþegaskipa gríðarlega á umræddum árum. Fyrir um 20 árum komu um 20 skemmtiferðaskip til landsins ár hvert og farþega fjöldinn var um 8–12 þúsund. Undanfarin þrjú ár hafa í kringum 80 skemmtiferðaskip lagst að bryggju í Reykjavík með rúmlega 70 þúsund farþega.

Frá árinu 2000 hefur farþegum skemmtiferðaskipa fjölgað um 170–180% í Reykjavíkurböfn og Akureyrarhöfn. Skipafjöldinn sem kemur til Ísafjarðar hefur einnig þrefaldast á tæpum áratug.

Eins hafa sjóflutningar til landsins aukist árin 2000–2010 úr 2.793.232 tonn í 3.921.002 tonn og sjóflutningar frá landinu úr 1.324.228 tonn í 1.983.562 tonn.

– thelma@bb.is

Skerðing á þjónustu og uppsagnir

Gert er ráð fyrir að rekstrar- gjöld Heilbrigðisstofnunar Vest- fjarða nemi rúmum einum millj- arði króna á næsta ári sem jafn- gildir um 31,7 milljóna króna lækun að raungildi frá fjárlög- um ársins 2011. Í fjárlagafrum- varpi næsta árs kemur fram að framlag til HV lækki um 30,3 milljónir króna sem er í samræmi við áform um lækun á ríkisút- gjöldum, þar af eru 15,4 milljónir króna vegna frestunar á hagræð- ingu í fjárlögum 2011. Vegna aukinnar endurgreiðslu á virðis- aukaskatti af aðkeyptri tölvuþjón- ustu hækkar framlagið um 1,4 millj-

ónir króna.

Próstur Óskarsson, framkvæmda- stjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir að niðurskurðurinn, sem bætist við niðurskurð frá því í ár, muni hafa í för með sér skerðingu á þjónustu og fækkun á starfs- fólki. „Það var búið að kynna fyrir forstöðumönnum heilbrigð- isstofnana að þetta yrði í þessum dúr,“ sagði Próstur aðspurður um málið. „Við þurfum á næstu vik- um að gera okkur grein fyrir því hvernig hægt er að mæta þessu en því miður er útlit fyrir að það verði ekki hægt nema með skerð- ingu á þjónustu og fækkun á

starfsfólki.“

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld Heil- brigðisstofnunarinnar á Patreks- firði nemi um 270,7 milljónum kr. á næsta ári sem jafngildir um 6,8 milljóna kr. lækun að raun- gildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af er þriggja milljóna króna frest- un á hagræðingu í fjárlögum 2011.

Heildarfjárveiting til heilbrigð- isstofnana landsins nemur 13,2 milljörðum króna og lækkar um 1.588,5 milljónir kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldir almennar launa- verðlagsbreyt-

ingar en þær nema alls 1.049,1 milljónum kr. og að þeim með- töldum lækka útgjöldin um 539,4 milljónir kr. milli ára. Í frum- varpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 541,6 milljónum kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Þar af lækka framlög til málefnaflokks- ins um 348,9 milljónir kr. vegna frestunar á hagræðingarkröfu sem útfærð var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og 3,9 milljónir kr. í stofnkostnaði.

„Á árinu 2010 fór fram mat á kostnaði við rekstur sjúkrarýma á heilbrigðisstofnunum með hlið-

sjón af þjónustunni sem þar er veitt. Eftir að frumvarp til fjárlaga 2011 var lagt fram var ákveðið að endurskoða forsendurnar á bak við lækunina. Ljóst var að vegna endurskoðunarinnar var ekki mögulegt að ná fram áhrif- um aðgerðanna fyrir en liðið var á árið 2011. Af þeim sökum var ákveðið að fresta lækun á 3/12 hluta hagræðingarkröfu hjá heil- brigðisstofnunum fram á næsta ár og nemur sú lækkun á fram- lögum 348,9 m.kr. Þá fellur tíma- bundið 60 m.kr. óskipt framlag til heilbrigðisstofnana niður,“ segir í fjárlagafrumvarpinu.

Viðgerðum á Bárðarslipp að mestu lokið

Viðgerðum á Bárðarslipp, gamla slippnum í Neðstakaup- stað á Ísafirði, er að mestu lokið. Aðeins er eftir að prófa að renna sledanum niður. Vinna að við- gerðum hófst í sumar en ákveðið var að gera við brautina og sled- ann þannig að slippurinn yrði í nothæfu ástandi. Stefnt er að því að hann verði notaður fyrir báta Byggðasafnsins og jafnvel aðra báta.

Bárðarslippur er fyrsti dráttar- slippur Íslendinga en hafist var handa við byggingu hans á Torf- nesi á Ísafirði árið 1917 að frum- kvæði Bárðar G. Tómassonar. Fyrsta skipið var dregið þar á land árið 1921. Um 1970 var slippurinn færður á núverandi stað þar sem rýma þurfti lóðina á Torfnesi fyrir nýbyggingu MÍ.

Byggðastofnun fékk arf frá Hjálmar R. Bárðarsyni, en hann var sonur Bárðar G. Tómassonar. Ákveðið var að heiðra minningu þeirra feðga með því að nota hluta arfsins í viðgerðir á slippnum.



Viðgerðir á Bárðarslipp hafa staðið yfir síðan í sumar.

Sælkeri vikunnar er Halldór Karl Valsson í Bolungarvík

Gæs með ávaxtafyllingu

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindis uppskrift að gæs með fyllingu. „Gæsin er fæða sem flestum fellur í geð. Kjötíð er ekki bragðmikið en það er meðlætið sem gerir útslagið á góða gæsamáltíð. Það er einstak- lega auðvelt að elda þennan stóra fugl en sósan og fylling- arnar vefjast fyrir fólki. Hér er uppskrift að sérlega gómsætri fyllingu sem fer einstaklega vel með ljúffengu kjötinu.“

Þess þarf að gæta að pensla gæsina reglulega með soðinu úr ofnskúffunni meðan gæsinn er í ofninum og athugið að

steikja þarf kalkúninn í 40 mínút- ur á hvert kíló eða þangað til kjötmælir sýnir 71°C. Fyllinguna er auðvelt og fljótlegt að útbúa; hana er einnig hægt að nota í villifugla.“

Gæs með ávaxtafyllingu Fyrir sex

4 kg gæs, sviðin og reitt
Salt og pipar
Kjúklingakrauftur

„Penslið gæsina með kjúk- lingakraufti. Kryddið hana síðan með salti og pipar og setjið í 180°C heitan ofn í 20 mínútur

eða þangað til hún orðin fallega brún. Lækkið þá hitann í 140°C og steikið hana í 40 mínútur á hvert kíló eða þangað til kjötmæl- ir sýnir 71°C.“

Fylling:

250 g blandaðir, þurrkaðir ávextir, saxaðir í bita
100 g rúsínur
2 msk ysta lagið af appelsínu- berki, smátt saxað
1 msk kóríanderfræ
1 tsk kúmenfræ
3 stk skorpulausar fransk- brauðsneiðar
2 stk egg



Blandið saman í skál öllu hrá- efninu nema brauði og eggjum sem sett er saman í matvinnsluvél og maukað vel. Blandið síðan brauðmákinu saman við allt hitt og kryddið með salti og pipar.

Berið fram með sætum kart- öflum, dvergmaís, gulrótum og snjóbaunum.

Ég skora á Ólöfu Öfförð á Ísafirði að koma með upp- skrift í næsta blaði.

Þú velur þinn banka

Íslandsbanki býður þér í viðskipti



Íslandsbanki leggur mikinn metnað í að veita góða þjónustu. Við viljum stöðugt gera betur og höfum m.a. kallað eftir hugmyndum viðskiptavina um hvernig við getum bætt þjónustna.

Við leggjum mikið upp úr bjóða úrræði og lausnir sem auðvelda viðskiptavinum okkar að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum.

Að flytja viðskipti sín milli banka er auðveldara en þú heldur.

Komdu í heimsókn og ráðgjafar okkar fara yfir það hvað við getum boðið þér og hvernig það gengur fyrir sig að skipta um viðskiptabanka. Við tökum vel á móti þér.

**Verið velkomin til okkar,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.**

Við höfum margt að bjóða þér:

- Framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu.
- Verðlaunavefinn meniga.is sem auðveldar þér að halda heimilisbókhald og gera útgjaldaáætlanir.
- Þægilegan netbanka þar sem þú getur leyst flest þín mál.
- Öfluga vildarþjónustu sem umbunar þeim sem nýta sér heildarþjónustu bankans.